

STAÐA MÁLS

Málnr.:	20-030F004
Dags:	26. febrúar 2020
Staður:	Á flugvellinum á Egilsstöðum
Lýsing:	Sandari á flugbraut í notkun
Staða máls:	Febrúar 2021: Skýrsludrög tilbúin fyrir nefndina

Snjóhreinsun sem og bremsumælingar voru í gangi á Egilsstaðarflugvelli og voru tvö snjóruðningstæki, bremsumælingarbill og sandari notuð við það verk.



Þegar áætlunarflugvél sem von var á inn til landingar nálgast flugvöllinn, kallaði flugradíómaður í flugturni öll tæki af flugbraut 04 og yfirgáfu öll tækin flugbrautina.

Skömmu síðar fór sandarinn aftur inn á flugbraut 04, á leið sinni að sandgeymslu til þess að sækja sand. Yfirflaug flugvélin sandarann á flugbrautinni í landingunni.

Að sögn starfsmanna flugvallarþjónustu BIEG, þá var stórhrið og skafrenningur og skyggni nánast ekki neitt þegar atvikið varð.

Að sögn flugradíómannsins var snjócoma, lélegt skyggni og gekk á með mjög dimmum éljum. Skyggni var 300-400 metra og 200 feta skýjahæð.

Rannsóknin beinist að fjarskiptum, fjarskiptabúnaði og aðgangi að sandgeymslu.